

Erindi: Aðgerðarhópur um Brekkuskóg

Að undanförunu höfum við haldið áfram vinnu við skipulag Brekkuskógar og m.a. átt fundi með sveitarstjóra og starfsmönnum Dalabyggðar. Leiddu þessir fundir m.a. til þess að ástæða þótti til að kanna hvort nauðsynlegt væri að setja svæðið í deiliskipulagsferli og því var í framhaldi sent erindi til sveitarsjórnar um þátttöku í kostnaði við slíkt ferli. Jafnframt var óskað álits EFLU á líklegum kostnaði við slíkt ferli, og var það mat EFLU að það gæti verið á bilinu kr. 3-5 milljónir. Þessi mikli kostnaður kom á óvart og því var ákveðið að kanna málið frekar og m.a. hvort deiliskipulag væri yfirhöfuð nauðsynlegt til að halda áfram með málið.

Megintilgangur skógræktarfélagsins með þessari vinnu er að opna Brekkuskóg fyrir almenningi og gera svæðið aðlaðandi og aðgengilegt, og helst að það komist síðan í flokk „Opinna Skóga“, sem er ákveðið prógram á vegum Skógræktarfélag Íslands (SÍ). Var því ákveðið að leita ráða hjá SÍ um stöðu mála og mögulega aðkomu þeirra að málinu. Þann 11. Sept. var síðan haldinn fundur með framkvæmdastjóra og fleiri starfsmönnum SÍ og er niðurstaðan m.a. sú að ekki er talin þörf á deiliskipulagi fyrir Brekkuskóg og áformaða vinnu innan skógarins, svo sem stígagerð, sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum byggingum í tengslum við verkefnið. Deiliskipulag gæti hugsanlega þurft vegna bílastæða.

Jafnframt var ítrekað á fundinum að eitt af meginhlutverkum SÍ er að aðstoða aðildarfélög sín á allan hátt og þá ekki síst við verkefni eins og Brekkuskóg. SÍ hefur mikla reynslu og þekkingu á svona málum og á þeirra vegum er starfsfólk, sem er tilbúið að leggja okkur lið, m.a. við bæði skipulag og hönnun skógarins, sem og vinnu sjálfbóðaliða við t.d. grisjun, plöntun, stígagerð ofl., sem þessu tengist. Vinna EFLU hefur vissulega verið gagnleg, en óneitanlega væri gott að þurfa ekki að kaupa svo dýra vinnu af þeim fyrir framhald málsins.

Tilgangur þessa bréfs er því að leggja til að stofnaður verði aðgerðarhópur fyrir Brekkuskóg, með okkur tveimur undirrituðum, sem fulltrúum Skógræktarfélags Dalasýslu og a.m.k. einum fulltrúa frá Dalabyggð og einum fulltrúa frá SÍ. Lagði Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri SÍ til að Elisabeth Bernard mannfræðingur hjá SÍ verði þeirra fulltrúi í hópnum. Hlutverk hópsins verði að vinna málið áfram, og m.a. með það markmið að Brekkuskógur verði „Opinn skógur“ þegar fram í sækir.

f.h. Skógræktarfélags Dalasýslu

Virðingarfyllst,

Jakob K. Kristjánsson,

Sigurbjörn Einarsson